

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**4. febrúar 2025**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að tryggja atvinnustarfsemi á flugvallarsvæðinu í Vatnsmýri**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að vinna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, þannig að flugvallarstarfsemi og tengd atvinnustarfsemi í Vatnsmýri verði tryggð út skipulagstímabilið. Samhliða verði gripið til aðgerða til að tryggja rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar en flugvallarsvæðið er stórt atvinnusvæði í borginni, hvar starfa mörg hundruð manns við flugstarfsemi og aðra afleidda starfsemi.

**Greinargerð**

Núgildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 gerir ráð fyrir að starfsemi flugvallar verði aðeins heimil til ársins 2032, og að flugvallarstarfsemi leggist því af í Vatnsmýri á skipulagstímabilinu.

Í samkomulagi milli borgarstjóra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 28. nóvember 2019, gerðust aðilar ásáttir um að stefnt skyldi að því að flytja núverandi flugstarfsemi af Reykjavíkurflugvelli yfir á nýjan flugvöll í Hvassahrauni, reyndist það vænlegur kostur. Nú liggur fyrir skýrsla starfshóps um rannsóknir á byggingu flugvallar í Hvassahrauni, dags. 1. október 2024, en við kynningu skýrslunnar sögðu jarðvísindamenn ágætari líkur á hraunrennsli á fyrirhuguðu flugvallarsvæði, kæmi til frekari eldsumbrota á Reykjanesskaga. Verður því að telja útilokað að nýr innanlandsflugvöllur rísi í Hvassahrauni á skipulagstímabilinu. Í ljósi þess að nýr staður fyrir innanlandsflug liggur ekki fyrir er mikilvægt að tryggja starfsemi Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýri, með viðeigandi aðalskipulagsbreytingu.

Með því að tryggja heimild til starfsemi flugvallar í Vatnsmýri út skipulagstímabilið, verður unnt að tryggja að hæð mannvirkja og gróðurs í nágrenni flugvallarsvæðisins og á áhrifasvæði flugvallarins, verði háð þeim takmörkunum vegna flugtaks og landinga sem settar eru í skipulagsreglum flugvallar, sbr. lög um loftferðir nr. 60/1998 (gr. 6.3.c. í skipulagsreglugerð).

Aðalskipulagsbreytingin mun jafnframt kalla á uppfærslu húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar, en hún gerir nú ráð fyrir uppbyggingu 7.500 íbúða á flugvallarsvæðinu innan skipulagstímabilsins. Í ljósi þess að innanlandsflugi hefur ekki verið fundinn nýr staður, og að miðstöð innanlandsflugs verður óhjákvæmilega enn í Vatnsmýri næstu árin, verða engar íbúðir byggðar á flugvallarsvæðinu til ársins 2040. Mikilvægt er að finna þeim íbúðafjölda nýjan stað í borginni, ekki síst í ljósi viðvarandi húsnæðisskorts hérlendis.